

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna verslunarrýma við göngugötur (US200203)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 10. júní 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað séu mörg verslunarrými við göngugötur í miðbænum, sem losnað hafa sl. eitt og hálf ár. Spurt er um rými sem hafa losnað við bæði varanlegar göngugötur og tímabundnar? Spurt er vegna þess að fjölmargir rekstraraðilar sem ráku verslanir við þessar götur hafa flutt verslanir sínar annað eða lagt niður rekstur sinn. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhuga á að vita hvað mörg rými þar sem áður voru verslanir á þessu tímabili standa nú auð.

Svar þetta byggir á tölum skipulagsfulltrúa um notkun verslunar- og veitingahúsnæðis við virkar götuhliðar í miðborginni. Gögnin eru uppfærð af starfsmanni skipulagsfulltrúa um sumar ár hvert. Umhverfis- og skipulagssvið heldur ekki úti tæmandi lista yfir stöðu verslunar- og veitingareksturs í miðborginni og er því ómögulegt að segja til um nákvæmlega hvenær rekstur lokar eða opnar við göngugötur. Því er settur fyrirvari að hér er einungis um að ræða viðmið um stöðu verslunar í miðborginni í lok sumars 2019 og 2020 og byggir á gögnum sem nýtast við framfylgd ákvæða í aðalskipulagi um virkar götuhliðar og starfsemiskvóta.

Einungis er notast við þau húsnúmer sem tilheyra göngugötum í svari fyrirspurnarinnar. Ljóst er að tímabundna göngugötusvæðið hefur ekki verið eins ár frá ári og verður því nýtt göngugötusvæði tekið sérstaklega fyrir.

Samkvæmt þessum tölum má lauslega áætla að nýting rýma sé almennt yfir 90%.

Göngugata 1 – Sumargata 2019 og 2020

Bankastræti, Laugavegur upp að Klapparstíg og Skólavörðustígur upp að Bergstaðastræti:



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Sumar 2019, 80 rými – 8 tóm, 10%

Sumar 2020, 79 rými – 7 tóm, 8,9%

Göngugata 2 – Svæði bætt við árið 2020

Laugavegur frá Klapparstíg að Frakkastíg.

2019 (umferð), 45 rými – 1 tomt, 2,2%

2020 (göngugata), 45 rými – 4 tóm rými, 8,9%

Ástæður fyrir lokun verslunar- og þjónustuhúsnaðis við umræddar götur geta helgast af mörgum þáttum s.s. af því að viðkomandi rými er að taka breytingum og/eða nýr rekstur að taka við.

f.h. skipulagsfulltrúa
Haukur Hafliði Nínuson